

Ákvörðun nr. 22/2021
Miðvikudagurinn, 2. júní 2021

Kaup Fagkaupa ehf. á KH Vinnufötum ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Fagkaupa ehf. (hér eftir „Fagkaup“) á KH Vinnufötum ehf. (hér eftir „KH Vinnuföt“). Þann 20. maí 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaupin. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum því að líða 21. maí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og leitaði upplýsinga í símtölum við nokkra keppinauta félaganna.
2. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Fagkaup er félag í fullri eigu AKSO ehf. Á árinu 2020 var framkvæmdur félagaréttarlegur samruni innan samstæðu AKSO ehf. en samruninn leiddi til þess að Fagkaup og Áltak ehf. runnu að fullu inn í Johan Rönning ehf. Nafni þess var samhliða samrunanum breytt í Fagkaup. Fagkaup á dótturfélagið Varma og Vélaverk ehf. Þá á Fagkaup fjögur dótturfélög sem stofnuð voru til að halda utan um nöfn rekstrareininga innan félagsins, þ.e. Johan Rönning ehf., Áltak ehf., S. Guðjónsson ehf. og Vatn og veitur ehf.
 - Sindri og Sindri vinnuföt er ein rekstrareining undir Fagkaupum. Sindri selur m.a. rafmagns- og handverkfæri, rafsuðuvörur, loftpressur og festingavörur. Rekstrareining Sindra vinnufata er sú starfsemi sem helst er til umfjöllunar í samrunatilkynningunni, þar sem sú starfsemi er á sama markaði og KH vinnuföt, þ.e. sala og þjónusta á vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm og öryggisvörum, sem og umboðsmennska fyrir vörumerki á þessu sviði.
 - b) KH Vinnuföt sérhæfa sig í sölu og þjónustu á öllum tegundum af vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm, öryggisvörum og vinnuvettlingum og er umboðsaðili fyrir nokkur vörumerki.
3. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt að markaður málsins sé markaður fyrir vinnuföt. Starfsemi KH Vinnufata tilheyrir eingöngu vinnufatamarkaði. Félagið hafi annars vegar látið hanna og framleiða vinnufatnað í samræmi við óskir viðskiptavina, í samstarfi við verksmiðjur erlendis og hins vegar sé félagið umboðsaðili fyrir nokkur vörumerki. Fagkaup starfi á nokkrum aðskildum mörkuðum og sala og þjónusta vegna vinnufata sé einungis brot af starfsemi fyrirtækisins, en sú starfsemi fari fram í rekstrareiningunni Sindri vinnuföt. Því er það mat samrunaaðila að viðkomandi vörumarkaður málsins sé markaður fyrir allar tegundir af vinnufatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm, öryggisvörum og vinnuvettlingum en til hagræðingar sé fjallað um markaðinn sem vinnufatamarkað. Þá er byggt á því að hálfu samrunaaðila að landfræðilegi markaður málsins sé Ísland.
4. Að mati samrunaaðila ríkir töluverð samkeppni á markaði fyrir vinnuföt. Þá kemur fram í samrunaskrá að netverslun hafi sótt í sig veðrið undanfarin ár hjá neytendum.



5. Eftir að hafa skoðað þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif hans óveruleg, enda starfa aðilar að miklu leyti á ótengdum mörkuðum. Keppinautar samrunaaðila sem Samkeppniseftirlitið ræddi við höfðu engar áhyggjur af samrunanum og töldu samkeppni í sölu á vinnufatnaði mikla og hindranir fyrir aðila að hefja sölu á vinnufatnaði litlar. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð

„Kaup Fagkaupa ehf. á KH Vinnufötum ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í málinu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson